



1, 3.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

FEBRÚAR 1906

Nafnið „Börninn“.

Sumum hefur fundist, að nafnið á blaðinu hefði átt að vera BARNIÐ heldur en BÖRNIN. Nú, það hefði verið fall-egt nafn. En á titil-myndinni þessari hefði það ekki sagt hið sama og titil-myndin nú með nafninu, sem á henni stendur, segir svo skýrt. Nú segir hún: „Börninn öll í hring utan um Jesúm!“ Og það, sem blaðið „Börninn“ vill hjálpa til með, er einmitt þetta, að börnin okkar öll verði í hring utan um Jesúm.

Guð gefi það, að blaðinu takist að hjálpa til þess.

Notið tímann vel.

I.

Það er margt, sem þið kunið ekki að meta nú, börnin mín. En þegar þið verðið eldri, þá lærið þið það. Það er þó sumt, sem þið mægið ekki bíða með að læra að meta, þangað til þið verðið fullorðin. Eg vil minna ykkur á eitt núna. Eg vil minna ykkur á tímann ykkar. Þið þurfið að læra að meta hann. Þið þurfið að læra að finna til þess, að hann er ykkur einhvers virði, já, mikils virði, þó þið getið ekki lært það á barnsaldri eins vel og þegar þið verðið fullorðin.

Finst ykkur ekki, að þið eigið svo mikið af tíma, að það geri lítið til, hvernig þið farið með hann?

Ykkur hættir til að hugsa um tímann ykkar eins og barni

myndi verða að hugsa um peningana, sem sæti hjá stórri peningahrúgu, og væri að leika sér að peningunum. Því myndi finnast það gera svo lítið til, þótt einhver peningurinn týndist. Það hefði nóg samt eftir. Eins hættir ykkur til að hugsa um tímann ykkar. Það gerir lítið til, hvernig þið farið með hann. Þið hafið nægan tíma samt.

En tíminn ykkar er dýrmætur. Hann er miklu meira virði er gull. Og þið hafið aldrei of mikið af honum.

Þið hafið heyrt á ensku talað um *to kill time*. Hefur ykkur fundist það ljótt, þegar einhver hefur sagst vera að gera það? En sá, sem gerir það, þykist hafa of mikinn tíma og veit ekki hvernig hann á að fara með hann. Það er ljótt að fara illa með tímann sinn, börn.

Ykkur þætti vænt um að fá gull-úr. Þið mynduð vilja fara ósköp vel með það. Ykkur væri ekki sama, hvar það lægi. Þið fleygðuð því ekki. Og ef þið sæjuð börn fara illa með fallegt úr, þá mynduð þið segja: „Þetta eru heimsk börn!“

Tíminn ykkar er nú miklu meira virði en fallegasta úr. Og ef þið eigið úr, þá er það einlægt að minna ykkur á það. Þið horfið á úrið, á vísirana; sem alt af eru að færa sig. Og úrið segir þá við ykkur: „Munið eftir tímanum ykkar!“ Þið látið úrið upp að eyranu á ykkur og heyrið það segja: „tik-tik-tik!“ Og þá er það að segja við ykkur: „Munið eftir tímanum ykkar. Hann er að fara frá ykkur. Munið að fara vel með hann“.

Já, guð vill þetta, börn. Hann hefur gefið ykkur tímann ykkar. En hann hefur ekki gefið ykkur of mikinn tíma — ekki neinn tíma, til þess að fara illa með. Alt, sem hann gefur okkur — þá tímann líka—, það gefur hann okkur, til þess að við förum vel með það.

Munið þá að nota tímann ykkar sem gjöf frá guði. Lærið að fara vel með hann. Biðjið guð að kenna ykkur að nota hann vel.

Kær kveðja.

Frá 13 ára gamalli stúlku í stóru íslenzku nýlendunni, sem hefur verið að myndast í Norðvestur-landinu, hefur „Börnunum“ borist þessi kveðja:

„Kæra heilsan, blaðið „Börninn“! Eg tók á móti þér á aðfangadag jóla, og leit strax á þig sem ókunnan, nýkominn gest hingað í húsið til okkar. Eg byrjaði fljótlega að lesa þig, og mér leist vel á þig. Systkinin mín komu þá til mín, og eg las þig strax frá upphafi til enda fyrir mig og þau, og töludum við

okkur þá saman um, hvað það væri gaman fyrir okkur að taka nú á móti þér í fyrsta sinni sem jólagjöf. Að þessu búnu förum við með þig til pabba og mömmu. Síndum þeim þig, og báðum þau að lesa þig. Það gerðu þau líka strax, og sögðust þau bæði vera vel ánægð með þig sem byrjun barna-blaðs. Og viljum við því nú öll óska og vona, að við getum tekið á móti þér hér eftir eins glöð og ánægð með þig eins og við gerðum nú í þetta fyrsta skifti.“.....

Blaðið þakkar litlu stúlkunni fyrir góðar viðtökur og góðar óskir, og þá líka fyrir góðan greiða. Besti greiðinn, sem hægt er að veita „Börnunum“, er að taka vel á móti þeim og lesa þau. Litla stúlkan þessi las þau bæði fyrir sig og litlu systkinin sín. Það var fallega gert. Eldri systkinin eiga að lesa fyrir hin yngri, sem ekki kunna að lesa.

Það er gaman að hugsa sér systkinin í hóp utan um elsta systkinið, sem les fyrir hin. „Börnunum“ líður vel í slíkum hóp. Þau langar til að eignast marga slíka hópa á íslensku heimilunum í bæjum og út um bygðirnar, þar sem Íslendingar búa.

Þá er einn greiði enn, sem blaðið ætlar að biðja öll börn um, sem lesa það og þykir vænt um það, og það er að greiða fyrir útbreiðslu þess — fá foreldra til þess að kaupa það handa börnunum sínum. Börnin mín! Takið þið þá eftir auglýsingunni á síðustu blaðsíðunni og verið nú væn.

Afsakanir.

„Svo þú ætlar ekki til kirkju í dag, sonur minn!“—sagði faðir nokkur við drenginn sinn einn sunnudagsmorgun.

Nei, hann ætlaði ekki. Hann sagði, að söngurinn væri svo slæmur, sætin í kirkjunni svo hörð, kirkjan svo langt í burtu, og ræðan svo löng og leiðinleg, að hann gæti hreint ekki fengið af sér að fara.

Seinna um daginn gengur svo sami drengurinn þrjár mílur til að horfa á knattleik. Það finst honum ekki langt. Hann þykist góður að ná í sæti á stórum steini, sem var rétt við leikflóttinn. Og ekki fæst hann um, þó sætið sé hart. Óhljóðin, sem samfara eru leiknum, særa ekki heldur hið viðkvæma söngeyra hans. Énginn heyrir hann heldur kvarta yfir því, hve löng og leiðinleg blótsyrða-pula sú hafi verið, sem hann þar varð að sitja undir.

Því var drengurinn að skrökva upp ástæðum eða afsökunum fyrir því, að hann fór ekki til kirkju? Var það ekki vegna

þess, að hann fann til þess, að hann gerði rangt með því að fara ekki til kirkju? Enginn afsakar sig með ósannindum, þegar hann gerir það, sem er rétt.

K. K. Ó.

„Smjör“-barnið.

Einn kaldan morgun árið 1890 hlupu tvær litlar stúlkur, dætur trúboða eins í Kína, út í eldhúsið heima hjá sér til að verma sig við matreiðslustóna. Þar sáu þær böggul, sem þær áttu ekki von á. Og þær flýttu sér að taka utan af honum. Hvað haldið þið þær hafi fundið? Svo-litla kínverska stúlku með tindrandi augum!

„Ó megum við ekki eiga hana?“—sögðu litlu stúlkurnar báðar í senn. „Við skulum gera hvað sem er, ef við bara megum það“. Það varð svo úr, að litlu stúlkurnar samþykktu að neita sér um smjör í heilt ár, og því, sem þær söfnuðu þannig, átti að verja til að sjá fyrir barninu. Smjórið kom alla leið frá Ameríku og var mjög dýrt, svo sparnaðurinn var þó nokkur. Litla „smjör-barnið“ heitir Lilja. Hún óx vel og dafnaði og varð mjög efnileg. Nú er hún á sextánda árinu og gengur á skóla í Peking. Hún er bæði falleg og góð stúlka.

Í fyrra sumar var hún í skólaleyfinu hjá annarri litlu stúlkunni, sem tók hana að sér, þegar hún var ung barn, og gekk oft langar leiðir með henni. Fæturnir á henni voru ekki vafðir eins og á öðrum kínverskum stúlkum. Þess vegna fellur henni ekki er Vitt að ganga. Enda slítur hún fleiri kínverskum tauskóm á mánuði en aðrar kínverskar stúlkur með sína skemdu fætur á hálfu ári. Eitt sinn gekk hún upp á tindinn á háu fjalli, og er hún áreiðanlega sá fyrsti kínverski kvenmaður, sem það hefur gert.

Litla „smjör-barnið“ er þannig orðið að vel mentaðri og hraustri stúlku, sem á líf sitt og velferð að þakka sjálfsafneitun litlu stúlkunnar trúboðans.

K. K. Ó., úr

The Foreign Missionary.

Heimska tréð.

Birkitréð var lengi búið að standa í litlu lægðinni sinni. Þar fæddist það. Þar var það barn. Og nú var það orðið full-orðið; en enn þá var það í lægðinni sinni.

Það hafði vaxið beint, og límið var þétt á því. Og öllum þótti vænt um það. Börnunum þótti gaman að leika sér hjá því. Og stundum klifruðu drengirnir upp í það, Og þegar þeir

voru komnir hátt, hljóduðu þeir upp yfir sig og báðu alla að horfa á sig. Þeim fanst, að þeir væru orðnir miklir menn.

Ekki þótti trénu það neitt við drengina. Þó þeir klifradu upp eftir því. Þeir fóru sér svo lægt og gætilega, til þess þeir brytu ekki neina greinina; því þeim þótti vænt um birkitréd. Og það fann það. Þess vegna ruggaði það sér með drengina svo notalega. En þá hlógu þeir. Og því meir, sem það vaggadi sér, því meir hlógu þeir og sungu: hí-hæ! hí-hó! Og litlu stúlkurnar niðri fyrir horfðu og dáðust að drengjunum. Þeim fanst, að þeir myndu vera einhverjir mestu mennirnir í heiminum, þar sem þeir hefðu hug til þess að fara svona hátt — nærri því upp í himininn, og í tilbót að vagga sér og hlægja og syngja, eins og þetta væri ekki neitt. Það vantaði ekki mikið á, að þeir væru eins miklir og hann pabbi þeirra. Og svo hlógu þær og æptu.

En því meir sem börnin hlógu og sungu og æptu, því meir var trénu skemt. Og börnunum fanst það vera með sér í öllum leikjunum sínum. Þess vegna þótti þeim líka svo vænt um tréd og svo gaman að vera hjá því.

Á morgnana, þegar alt var hljótt og börnin sváfu, kom sólin og gægðist yfir klettinn, sem var spöl-korn frá trénu, og kysti það góðan daginn. Þá komu líka litlu fuglarnir og settust í það og sungu morgunsönginn sinn.

„Guð er góður“—hugsaði tréd með sér,—„hann, sem hefur látið mig vaxa hérna í láginni minni. Öllum þykir vænt um mig, og mér þykir vænt um alla. Ó, hvað það er gaman að lifa!“

Lítinn spöl frá birkitrénu stóðu önnur tré. Þau stóðu hærra. Og einn dag tók birkitréd eftir því. Það hafði aldrei gáð að því áður. Þá fór það að finna til þess, að láginn þess var svo lág. Og nú var hún ekki lengur eins falleg og hún hafði verið. Ekki heldur lengur eins gaman að horfa á börnin leika sér í láginni. Morgun-koss sólarinnar ekki lengur eins hlýr. Og nú var svo lítið við morgun-söng litlu fuglanna.

„Því þarf eg einlægt að standa hérna í láginni þeirri arna?“ —spurði björkin sjálfa sig. Það var komin ólund í hana. — „Því má eg ekki standa eins hátt og hin trén? Ljóta, kræklótta eikartréd þarna—hvað hefur það til síns ágætis fram yfir mig?“ Og björkin leit niður á sig, og henni fanst að það væri þó munur á sér og eikinni.

Nú ætlar hún sér ekki að vera þarna lengur. Hún var búin að vera nógu lengi í láginni. Það væri ekki til neins að reyna að halda henni kyrrri eða að telja henni trú um, að það væri ekki

betra fyrir hana að flytja sig. Nú væri hún komin á nýja skoðun. Og hún væri miklu betri en sú gamla. Og henni var orðið illa við allar gamlar skoðanir.

„Já, eg flyt mig!“—sagði björkin. „Eg flyt mig beint upp á klettinn þarna, hátt upp yfir eikina.“ Og hugsunin fór svo notalega um björkina, að nú skyldi hún komast hærra en eikin, miklu hærra.

Henni var í nöp við eikina; því eikin hafði ámint hana um að vera kyrr og fundið að við hana. Nú ætlaði hún að sýna eikinni, að þeir eldri vissu ekki æfinlega meira en þeir yngri. Og þegar hún væri komin upp á klettinn, skyldi hún segja öllum frá því, hvað heimskulegt það væri, að vera í lágunum og lautunum. Allir ættu að eins að hugsa um að komast sem allra hæst.

Og nú labbar björkin sig á stað og stígur stórum. „Hvaða skelfilegur asi er á björkinni!“—sögðu litlu blómin í lautunum. Hún leit ekki við þeim. Lét sem hún heyrði það ekki, en hélt áfram. Og þegar hún kom að klettinum, tók hún á sig kast og hentist upp á hann.

„Skárri eru það ósköpin!“—sagði kletturinn. Hann fann, að það var eitthvað um að vera.

Þarna stóð þá björkin uppi á klettinum. Henni fanst það þó munur, hvað léttara væri að draga andann nú, heldur en niðri í láginni. Og henni fanst það þó vera munur, hvað hún sá nú miklu lengra heldur en niðri í láginni. Og henni fanst það þó vera munur, hvað miklu hjartara var þarna, heldur en niðri í láginni. Og hún rétti úr sér, og hún teygði úr sér. Hún vildi nú teyga í sig lífið miklu betur en áður og lifa frjálsegar en áður niðri í láginni.

„En — hvað er þetta? Hvaða tilfinningar eru þetta?“ — Það fór undarlegur skjálfti um björkina. Og alt fór að breytast í kring um hana. Einhvern þoku-reyk lagði um alt — um lágina og lautirnar, um eikina og trén hin, og seinast um klettinn, sem hún stóð á. Alt varð dekkra. Það fór að rökkva — varð dimt alt í kring um vesalings-björkina.

Hún hafði staðið með ræturnar berar á klettinum. Hún hafði gleymt rótunum sínum.

Næsta morgun, meðan alt var kyrt og börnin sváfu, kom sólin og ætlaði að kyssa birkitréð góðan daginn. Og litlu fuglarnir komu og ætluðu að syngja morgun-sönginn sinn í trénu. En þá var það visnað. Og svo komu börnin í lágina, til þess að leika sér hjá trénu sínu. En þá var það farið. Og þau sáu það þarna uppi á klettinum visnað.

Og börnunum þótti fyrir. Og sólargeislanum þótti fyrir. Og fuglunum litlu þótti fyrir. Öll voru þau með tárin í augunum og sögðu:

„Ó, heimska tréd!“

Kristileg hefnd.

Sagan, sem hér fer á eftir, gerðist ekki alls fyrir löngu í bæcinum á Frakklandi. Hetjan í sögunni var meðlimur „Kristilegs félags ungra manna“.

Ungur maður nokkur er staddur inni í búð og er að tala við vin sinn. Á meðan stelur maður, sem gengur fram hjá, hjólinu hans, er hann hafði skilið eftir úti á gangstéttinni. Hann verður var við þjófnaðinn og sér, í hvaða átt þjófurinn stefnir; fær til láns hjól, og flýtir sér á stað á eftir honum. Sjómilur fyrir utan bæinn nær hann þjófnum og kallar: „Stans!“ Hinn stansar og býst við að fá sín makleg málagjöld. En í stað þess talar hinn ungi maður hlýlega og bróðurlega til hans og segir: „Eg skal ekki segja lögreglunni til yðar. Komid með mér. Eg dæmi yður til að borða kveldverð með mér. Því næst fer eg með yður á fund til ungra manna. Þar fáid þér að heyra eitthvað gott. Og úr því þér eruð frá Montpellier, skal eg á eftir borga ferðina yðar, svo að þér getið komist heim.“

Þetta verður svo. Í fleiri klukkustundir fær hin ungi maður okkar tækifæri til þess að tala um gleðiboðskapinn við vesalings þjófinn, sem sagði frá því, að illur félagsskapur hefði gert sig svona ljótan. Hann sagði líka frá því, að hann ætti góða foreldra. Og eftir fundinn ásetti hann sér eins og týndi sonurinn, að fara heim aftur til þeirra.

Úr *Menighedsbladet* í Kristjaníu.

Gott svar.

Saga er sögð af kafeini nokkrum, er eitt sinn kom við á Sandwich-eyjunum eftir að kristindómurinn hafði náð þar talsverðri fótfestu. Kafeinninn kyntist konunginum, og í samtali við hann dró hann engar dulur á vantrú sína. Hann staðhæfði, að allir trúboðar væru hræsnarar og að kristindómurinn gerði engum gagn.

Konungurinn hlustaði á kafeininn með þolinmæði; en þegar hann hafði lokið máli sínu, sagði konungurinn við hann alt í einu: „Kafeinn, sérðu, að skuggi þinn fellur á mig?“

„Já, en hvað kemur það þessu við?“

„Ef vér værum enn þá heiðingjar“—sagði konungurinn,—
„þá lægir þú nú klofinn í herðar niður við fætur mína; því
hver, sem lét skugga sinn falla á konunginn, var tekinn af lífi
án vægðar. Að þetta er ekki svo nú er vegna þess, að vér erum
orðnir kristnir.“

Hinn raupsami kaffeinn fann ekki ástæðu til að segja kon-
unginum meir af vantrú sinni.

K. K. Ó., úr
The Foreign Missionary.

AUGLÝSING.

„Börnin“ eru gefin með „Sam.“ En þau verða líka seld sérstök. Kosta þau þá 35 cent. um árið, þegar eitt og eitt er selt. En börnum, sem útvega áskrifendur að blaðinu og senda verðið fyrir það með pöntuninni, verða gefin *sölu-láun*. Fyrir að selja 8 eintök verður gefið eitt eintak í betra bandi—selt á 50 cent—af „Sálmum og öðrum söngum“, sem „Bandalögin“ hafa látið gefa út. Fyrir að selja 4 eintök verður gefið eitt eintak af því í ódýrara bandinu—selt á 25 cent. Fyrir að selja 2 eða 3 verður gefin mynd. Börnin, sem selja, mega telja eintakið, sem þau sjálf kaupa. Peningar með skýrri utanáskrift áskrifenda sendist til *hr. Jóns J. Vopna, P. O. Box 689, Winnipeg, Man., Can.* Peningar frá Bandaríkjunum sendist með póstaðvísun (en ekki banka-áðvísun eða eiginhandar-áðvísun).

TIL GAMANS.

Litli eða stóri ápinu. — Prestur nokkur var að leika við lítinn systurson sinn. Hann lét hann sitja upp á öxlinni á sér og var að spauga við hann. Fyrir framan þá var spegill. Honum verður litið í spegilinn og segir þá við drenginn: „Sérðu apann þarna í speglinum?“

Hnokkinn svarar: „Áttu við litla eða stóra apann, frændi?“

Embættisnafn hans.—Nýlega var litil stúlka á skóla í Bandaríkjunum spurð að því, hver æðsti maður stjórnarinnar væri. „Mr. Roosevelt,“ svaraði hún undir eins.

„Það er rétt,“ segir kennarinn. „En hvert er embættisnafn hans? Segðu mér það, góðin mín.“

„Teddy!“ svaraði hún óðar og var upp með sér af því.